


3. SVÆÐI OG RÁSIR (Teams and Channels)

Efnisyfirlit


3. SVÆÐI OG RÁSIR (Team sand Channels)	1
Hvernig bý ég til nýtt Teams svæði (Team)?.....	2
Hvernig breyti ég nafni á Teams svæði?	4
Hvernig breyti ég nafni á „Almennt“ rásinni („General“ channel)?.....	5
Hvernig bý ég til rásir (channels) á Teams svæðinu mínu?	6
Hvernig býð ég fólki inn á rásina mína (í hópinn minn)?	6
Meira um Teams svæði/rásir:	6

Hvernig bý ég til nýtt Teams svæði (Team)?


1. Smelltu á **Forrit (Apps)** á tækjastikunni vinstra megin. Þar leitar þú að forritinu **Stofna** (skrifar „stofna“ í leitargluggann).



2. Næst smellir þú á **Opna** – og aftur **Opna**.
3. Þá opnast glugginn: „Hér getur þú stofnað Teams svæði...“. Fylltu inn í textareitina. Í **Tegund** velur þú annað hvort „Gestir“ (ef svæðið verður notað fyrir samstarf milli starfsmanna LSH og aðila utan LSH) eða „Innra samstarf“ (fyrir samstarf starfsmanna innan LSH).



4. Smelltu svo á **Sækja um**. Nú hefur beiðni þín um stofnun Team svæðis verið send. Þú færð svar mjög fljótt og ætti þá nýja svæðið að birtast á **Teymi** (Teams) svæðinu.
5. Með hverju nýju Teams svæði fylgir sjálfkrafa rás með nafninu **Almennt** (General). Það er rás sem allir þeir sem hafa aðgang að svæðinu eru sjálfkrafa settir í.
6. Til að búa til aðra rás undir nýja svæðinu er smeltt á þrípunktinn hægra megin við nafn Teams svæðisins og valið **Bæta við rás** (Add channel). Fylltu út í textareitina **Heiti rásar** (Channel name) og **Lýsing** (Description) og veldu **Tegund rásar** (Channel type) í neðsta textaglugganum eftir því sem við á.



Tegund rásar hefur áhrif á hverjum þú getur boðið í rásina (hópinn). Athugaðu að þú getur **ekki** breytt tegund rásar eftir að þú hefur búið hana til. Það eru þrjár tegundir sem þú þarft að velja úr:

Venjulegt (Standard): Allir í teyminu fara sjálfkrafa í rásina. Þú getur ekki bætt öðrum meðlimum við rásina


Deilt (Shared): Allir í teyminu fara sjálfkrafa í rásina en þú getur líka bætt við meðlimum utan teymis

Einkamál (Privat): Rásin er lokuð og þú (eða sá sem er eigandi (owner) rásarinnar) handvelur meðlimi inn.

- Þú getur bæði boðið einstaklingum og hópum sem eru skilgreindir Landspítalahópar inn á rásina þína (ef hún er Deilt eða Einkamál rás). Þú getur líka bætt við hóp sem hefur þegar verið skilgreindur sem rás (channel) á Teams svæðinu þínu.
Hér ertu **að búa til hóp** á Teams. En það má einnig velja **Sleppa** og bæta inn þátttakendum seinna.

Hvernig breyti ég nafni á Teams svæði?

- Smelltu á þrípunktinn hægra megin við nafn svæðis og veldu **Stjórna hóp** (Manage team). Þá opnast svæðið og ýmsir möguleikar efst í glugganum.
- Smelltu á **Stillingar** (Settings) og þar inni á **Breyta** (Edit).




- Þá opnast gluggi þar sem þú getur breytt heiti hóps og lýsingu (og hvort teymið á að vera **opið** (hver sem er á LSH getur bætt sér við Teymið) eða **lokað** (bara eigandi Teymis getur bætt við meðlimum)).

Í **Stillingar** (Settings) getur þú einnig ákveðið hvaða meðlimir hópsins hafa leyfi til að gera hvað á svæðinu.

Hvernig breyti ég nafni á „Almennt“ rásinni („General“ channel)?

Þegar nýtt Teams svæði (Team) er búið til fylgir alltaf sjálfkrafa undirrás sem ber heitið **Almennt** (General). Auðvelt er að breyta þessu heiti ef vilji/þörf er á.

- Smelltu á þrípunktinn hægra megin við nafnið á rásinni (channel). Þá birtist listi með atriðum/aðgerðum og þú velur **Stjórna rás** (Manage channel).



- Nú opnast svæði þar sem þú getur breytt heiti og lýsingu rásar.

Hvernig bý ég til rásir (channels) á Teams svæðinu mínu?

Til að búa til fleiri rásir en Almennt (General) rásina sem fylgir hverju Teams svæði:

1. Smelltu á þrípunktinn hægra megin við nafn svæðis. Þá birtist listi með atriðum/aðgerðum og þú velur **Bæta við rás** (Add channel).
2. Nú opnast glugginn **Búa til rás** (Create a channel) og þú skráir inn heiti og lýsingu, og velur svo tegund rásar eftir því sem við á.

ATH! Þetta er sama aðferð og er notuð til að búa til hóp sem lýst er í lið 6. – 7. í **Hvernig bý ég til nýtt Teams svæði?**. Best er að skoða þær leiðbeiningar áður en tegund rásar er valin.

Hvernig býð ég fólki inn á rásina mína (í hópinn minn)?

Þú getur bætt fólki við **þín** Teams svæði (þar sem þú ert eigandi (owner)). Þegar búnar eru til rásir undir Teams svæðum fá sjálfkrafa allir sem eru með aðgang að svæðinu líka aðgang að þeim rásum sem eru opnar (skilgreindar sem Venjulegt (public) þegar þú velur tegund rásar). Það er einnig hægt að búa til lokaða (private) rás og handvelja þá sem fá aðgang að rásinni (hópnum). Það er gert á eftirfarandi hátt:

1. Smelltu á þrípunktinn hægra megin við nafn rásar. Þá birtist listi með atriðum/aðgerðum og þú velur **Bæta við aðila** (Add members).
2. Þá opnast gluggi þar sem þú getur leitað að þátttakendum eftir nafni eða netfangi.

ATH! Þetta er sama aðferð og er notuð til að búa til hóp sem lýst er í lið 6. – 7. í „Hvernig bý ég til nýtt Teams svæði?“.

Meira um Teams svæði/rásir:

Í hverri rás á Teams svæði er hægt að:

- Setja inn skilaboð/upplýsingar í **Færslur** (Posts)
- Bæta við skjölum sem hópurinn þarf að nota í sínum verkefnum í **Files**
- Skrifa minnisatriði o.fl. í **Notes**
- Bæta við ýmsum **forritum** á þessa stiku með því að smella á **+** táknið og velja úr listanum

Hópar ... ☰ +

Kennsla Færslur Files Notes (+)

Uppgötva

▼ Hóparnir þínir

- ▶ VL Vefteymi Landspítala
- ▼ II Innleiðing - leiðbeiningar
 - Kennsla**
 - Myndbönd 📎
 - Undirbúningur

